

REDCap: Leiðbeiningar

Próffræðistofa Heilbrigðisvísindastofnunar



Efnisyfirlit

Jm REDCap	3
Hvernig bý ég til nýtt verkefni?	3
Hvernig bý ég til afrit af verkefni?	3
Hvernig bý ég til og virkja nýja könnun?	4
Hvernig bý ég til nýja spurningu (svæði)?	5
Opinn textareitur sem svarkostur í fjölvalsspurningu	7
Branching (skilyrtar spurningar)	10
Hvernig læt ég tiltekinn svarkost ljúka könnun? (Survey Stop Action)	12
Hvernig bý ég til auðkenni fyrir þátttakendur?	13
Hvernig bý ég til hlekk á könnun?	13
Gera svarendum kleift að vista könnun og halda áfram síðar	14
Hvernig eyði ég færslum?	15
Hvernig næ ég í gögn fyrir tiltekna könnun?	16
Hvernig breyti ég notendaréttindum?	17

Um REDCap

REDCap (Research Electronic Data Capture) forritið er notað í Heilbrigðisvísindum víða um heim til að safna gögnum (t.d. með könnunum) og halda utan um gögn (t.d. heilbrigðisgögn). REDCap er vel til þess fallið að halda utan um smærri og stærri verkefni, en hægt er að stilla upp verkefnadagatali og tímaætlunum innan hvers verkefnis. REDCap er öflugt að því leyti að hægt er að stilla upp nánast hverslags rannsóknarverkefnum sem er og margvísleg stillingaratriði í boði.

Rannsakendur við Heilbrigðisvísindasvið geta sótt um að fá aðgang að REDCap í gegnum Þorvarð Jón Löve á <u>thl@hi.is</u>. Athugið að forritið er ekki þjónustað innan Háskólans, heldur er það undir notendum komið að finna út úr tæknilegum atriðum – t.d. með hjálp þessara leiðbeininga.

Það tekur ívið lengri tíma að læra á REDCap en önnur sambærileg spurningakannanaforrit (Question Pro, Qualtrics, Survey Monkey), og rétt að gefa sér góðan tíma við það. Það er ekki aðgengilegt við fyrstu sýn.

Hvernig bý ég til nýtt verkefni?

- 1. Á upphafssíðu REDCap: Veljið + Nýtt verkefni
- 2. Skráið inn titil verkefnis og veljið síðan tilgang þess í felliglugganum.
 - o Ef Rannsókn er valin þarf að tilgreina hvers konar rannsókn um ræðir.
 - o Ef Annað er valið þarf að tilgreina hver tilgangur verkefnis sé.
- 3. Veljið næst eina af eftirfarandi stillingum fyrir verkefnið.
 - o Búa til autt verkefni
 - o Hlaða upp REDCAp verkefna XML skrá
 - o Nota sniðmát

Algengast er að velja Búa til autt verkefni en REDCap býður annars líka upp á ýmiskonar sniðmát sem notandinn getur þá byggt sitt verkefni á.

Hvernig bý ég til afrit af verkefni?

1. Veljið Upphafssíða verkefnis undir Project Home and Design.



- 2. Veljið flipann ¢Önnur virkni efst á síðunni.
- 3. Veljið Afrita verkefnið undir Afrita eða taka öryggisafrit af verkefninu.

📄 Afrita verkefnið	Búa til nákvæmt afrit af þessu verkefni. Afrit verður tekið af öllum verkefnasvæðum og ætlast er til að sett verði inn titill og lýsing á nýja verkefninu. Hægt er að velja um að taka afrit eða ekki af þeim gögnum sen þegar eru inni í núverandi verkefni og setja í nýja.
🖥 Hlaða niður lýsigögnum eingöngu (XML)	Hlaða niður öryggisafriti af þessu verkefni. Öllu verkefninu (allar færslur, tæki, svæði og eiginleikar) er hægt að hlaða niður sem einni XML
👪 Hlaða niður lýsigögnum og gögnum (XML)	nákvæmt afrit af verkefninu (ásamt gögnum, ef valið) á þessum REDCap
nclude the following in the XML file:	ýjoní eda a odrum REDCap pjoní (nægt er að níaða því upp á síðunni í Stofna nýtt verkefni í). Vegna þess að það er í CDISC ODM sniði, þá er
Surveys and survey settings	einnig hægt að nota það til að flytja inn verkefnið í annað kerfi sem styðst við ODM.
	ATHUGIÐ: Innflutta XML skráin inniheldur *ekki* innskráningarsögu verkefnisins (skoðunarslóð) en ef þú vilt fá hana þá er þér frjálst að hlaða henni niður hvenær sem er efst á Innskráningarsíðunni.

Hvernig bý ég til og virkja nýja könnun?

Áður en hægt er að búa til nýja könnun í REDCap þarf að vera búið að búa til verkefni.

- 1. Veljið verkefnið sem könnunin á að tilheyra undir Verkefnin mín.
- 2. Undir Aðalstillingar verkefnis, virkjið það að nota kannanir í verkefninu.



	Aðalstillingar verkefnis	
Ekki byrjað	Gera óvirkt) ♥ Nota kannanir í þessu verkefni? ? Virkja ● Nota langtíma gagnasöfnun með skilgreindum	El MYNDBAND: Hvernig á að búa til og stjórna könnun atburðum? ?
Ég er búin/n!	Breyta titli verkefnis, tilgangi o.s.frv.	

3. Veljið næst Designer vinstra megin á síðunni undir Project Home and Design.



Önnur leið er að velja

& virkjaðu kannanirnar þínar sem leiðir á sömu síðu.

- 4. Veljið Virkja undir Virkja sem könnun.
 - Hér er einnig hægt að breyta nafni tækisins (þ.e. könnunarinnar) með því að smella á Veldu aðgerð 🗢 og næst 🖗 Endurnefna

undir Hannaðu gagnasöfnunartækin þín

Gagnasöfnunartæki + Búa til nýtt tæki frá byrjun Piytja inn nýtt tæki frá opinbera samnýtta REDCap gagnasafnið Hlaða upp tækja ZIP skrá frá öðru verkefni/notanda eða <u>utanaðkomandi g</u>	agnasöf	Form Reference Valma Se Á	options: orm Display Log oguleikar kan annanalisti	gic Innana: P Innskráning nana	Automated Survey Invitation options: Upload or download Auto Invitations C Re-evaluate Auto Invitations
Nafn tækis	Svæði	Skoði PDF s	Virkjað sem könnun	Aðgerðir á tæki	Valmöguleikar tengdir könnun
Form 1	1	Ø	Virkja	Veldu aðgerð 🗢	

- 5. Þá birtist stillingarsíða könnunarinnar. Þar er t.d. hægt að breyta titli könnunarinnar (Ath. þetta er ekki og þarf ekki að vera sama heiti og er á könnuninni sem birtist á síðunni á undan. Sjá lið 4), skrifa inngangstexta að könnuninni, setja inn lógó, breyta letri, þema og fleira. Veljið að lokum Vista breytingar.
- 6. Nú er hægt að hefja hönnun könnunarinnar með því að smella á nafn könnunarinnar undir Gagnasöfnunartæki.

Hvernig bý ég til nýja spurningu (svæði)?

- 1. Byrjið á því að fara í Cresigner og veljið könnunina.
- Til þess að búa til nýja spurningu er annað hvort smellt á Bæta við svæði eða
 Bæta við fylki svæða. Helsti munurinn er sá að ef búa á til spurningafylki (question matrix) er
 - hið síðarnefnda valið.
 - Ástæðan fyrir því að í REDCap notar orðið svæði í stað spurningar er sú að hægt er að bæta við hlutum sem eru ekki eiginlegar spurningar. T.d. er hægt að setja inn svæði sem inniheldur aðeins lýsandi texta, mynd eða myndband (sjá nánar í lið 3).
- 3. Þegar Bæta við svæði er valið þarf að velja tegund spurningarinnar í felliglugganum sem birtist.
 - <u>Textarammi (stuttur texti, númer, dags/tími, ...)</u>: Stakur textareitur fyrir stuttan texta. Hér er einnig hægt að búa til spurningu sem biður um dagsetningu, tíma, netfang eða tölugildi.
 - o <u>Athugasemdareitur (Efnisgreinar):</u> Stór textareitur fyrir lengri texta.
 - <u>Reiknað svæði</u>: Hér er hægt að skilgreina reikniformúlu sem byggir á svörum annarra spurninga.
 - <u>Fjölval Fellilisti (Stakt svar)</u>: Fellilisti með valmöguleikum þar sem aðeins er hægt að velja einn svarkost.
 - <u>Fjölval Radio hnappar (Stakt svar)</u>: Fjölvalsspurning þar sem aðeins er hægt að velja einn svarkost.
 - <u>Gátreitir (Mörg svör)</u>: Fjölvalsspurning þar sem hægt er að velja fleiri en einn svarkost (gjarnan kallað *checkboxes* á ensku).
 - Já Nei: Tvíkostaspurning með svarkostunum "Já" og "Nei". Svarkostirnir eru sjálfvirkt kóðaðir sem: 1 = "Já" og 0 = "Nei".
 - <u>Rétt Rangt:</u> Tvíkostaspurning með svarkostunum "Rétt" og "Rangt". Svarkostirnir eru sjálfvirkt kóðaðir sem: 1 = "Rétt" og 0 = "Rangt".
 - <u>Undirskrift (dragðu undirskriftina með mús eða fingri)</u>: Gerir þátttakanda kleift að teikna undirskriftina sína með mús eða fingri eftir því sem við á.
 - <u>Skjalaupphleðsla (fyrir notendur til að hlaða upp skjölum)</u>: Gerir þátttakanda kleift að hlaða upp skjali.
 - <u>Sleði / Sjónrænn renniskali:</u> Gerir þátttakanda kleift staðsetja svar sitt með því að draga "sleða" upp og niður kvarðann (gjarnan kallað visual analog scale (VAS) á

ensku). Sjálfvirkt eru gildin kóðuð frá 0 upp í 100 en því er hægt að breyta ásamt orðagildum á ásum og í miðju.

- <u>Lýsandi texti (með mynd/myndbandi/hljóði/viðhengi, valkvætt)</u>: Hér er hægt að setja inn lýsandi texta og/eða setja inn viðhengi með mynd, skrá eða hljóðupptöku.
 Einnig er hægt að setja inn hlekk á YouTube myndband og láta það birtast á síðu könnunarinnar eða í nýjum glugga.
- <u>Byrja á nýjum hluta (með valfrjálsum texta)</u>: Hér er ekki um eiginlega "spurningategund" að ræða heldur er þetta valið til þess að búa til nýjan hluta (*section*) í könnuninni. Þetta býr til lárétta línu í öðrum lit sem afmarkar efni könnunarinnar. Einnig er hægt að bæta við texta ef vill.

"Byrja á nýjum hluta" er einnig valið ef búa á til nýja síðu í könnuninni. Athugið að þá þarf einnig að fara í stillingar könnunarinnar og breyta stillingunni á Spurningasniðmát í Einn hluti á hverri síðu (margar síður).

- 4. Segjum að við viljum búa til opna spurningu fyrir stutt svar og veljum þá Textarammi (stuttur texi, númer, dags/tími, ...).
 - Spurningin er skrifuð inn í gluggann undir Merki svæðis og svarkostirnir í gluggann þar fyrir neðan (Valmöguleikar(einn valmöguleiki í hverja línu)).
 - Búa þarf til lýsandi breytuheiti fyrir spurninguna og slá það í reitinn undir Nafn breytu. Ekki er mælt með því að haka í reitinn sem gerir það að verkjum að breytur fái sjálfgefin breytuheiti.
 - Hjá Staðfesting er hægt að skilgreina ef svar á að vera á tilteknu formi (t.d. dagsetning, tími, bókstafir, tala á tilteknu bili o.s.frv.)
 - Þar fyrir neðan hjá Nauðsynlegt er hægt er að krefja svarendur um svar við spurningunni með því að velja "Já". Ef það er gert þá geta svarendur ekki haldið áfram í könnuninni án þess að veita svar við viðkomandi spurningu.
 - Ef spurningin spyr um persónugreinanlegar upplýsingar er hægt að haka í "Já" hjá Auðkenni. Þegar gögn eru flutt út úr REDCap er boðið upp á að af-auðkenna gögnin.
 - Sérsniðin stilling: Hér er hægt að stilla hvar og hvernig svareitur eða svarkostir birtast miðað við spurninguna.
 - Hjá Svæðisathugasemd er svo hægt að slá inn stuttan texta sem birtist í minna letri niðri í vinstra horni svæðisins.

Bæta við nýju svæði		×
Þú getur bætt við nýju verkefnissvæði á þetta gagnasöfnunartæki með því að ljúka við s eyðublaðið á þessari síðu. Fyrir yfirlit yfir þau mismunandi svæðistög sem eru í boði gel	væðin hér fyrir neðan og smella á 'Vi: :ur þú skoðað IBI <u>Svæðistög - myndba</u>	sta'-reitinn neðst. Þegar þú bætir við nýju svæði verður því bætt inn á n <u>d (4 mín)</u> .
Svæðistag: Textarammi (stuttur texti, númer, dags/tími,) ~		
Númer spurningar (valfrjálst) Aðeins sýnt á siðu könnunar		Nafn breytu (notað í málskipan (logic), útreikningum og útflutningi) Virkja það að breytur fál sjálfkrafa nafn borgi á svæðismeik beira?
Merki svæðis	Use the Rich Text Editor ?	EINGÖNGU stafir, tölustafir og undirstrik
		Hvernig má nota [•] Snjallbreytur / Innsetning + Field Embedding
		Staðfesting? (valfrjálst) Engin 🗸
		- eða -
		select ontology service V
		Nauðsynlegt?*
	6	Auðkenni? • Nei O Já Inniheldur þetta svæði auðkennandi upplýsingar (t.d. Nafn, SSN, heimilisfang)?
Aðgerðamerki / Athugasemdasvæði (valfrjálist)		Sérsniðin stilling Hægri / Lóðrétt (RV) V Stila stöðu svæðisins á siðunni
		Svæðisathugasemd (valfrjálst)
Lærðu um @ Aðgerðamerki eða <u>með svæðis athugasemd</u>		Stutt áminning sýnt undir svæði
		Vista Hætta við

Opinn textareitur sem svarkostur í fjölvalsspurningu

T.d. þegar einn af svarkostunum á að vera "Annað" og bjóða á upp á opinn textareit þar sem svarandi getur skrifað inn svar sitt eða nánari útskýringu.

- 1. Byrjað er á því að búa til nýja fjölvalsspurningu (Fjölval Radio hnappar (Stakt svar)). Skrifið inn spurninguna og svarkostina og vistið.
 - Ef ekkert á að standa í svarkostinum þar sem opni svarreiturinn á að vera er honum bara gefið kóðunargildi (sjá svarkost 6 á myndinni fyrir neðan). Ef einhver texti/orðagildi á að fylgja textareitnum (eins og t.d. "Annað") er búinn til svarkostur með því (sjá svarkost 5 á myndinni fyrir neðan).

Breyta svæði	×
Þú getur bætt við nýju verkefnissvæði á þetta gagnasöfnunartæki með því að ljúka við svæðin hér fyr eyðublaðið á þessari síðu. Fyrir yfirlit yfir þau mismunandi svæðistög sem eru í boði getur þú skoðað Svæðistag:	ir neðan og smella á 'Vista'-reitinn neðst. Þegar þú bætir við nýju svæði verður því bætt inn á E≣ <u>Svæðistög</u> - myndband (4 mín).
Merki svæðis	Rich Text Editor ? Nafn breytu (notað í málskipan (logic), útreikningum og útflutningi)
Hver er uppáhalds tómatsósan þín?	tomatsosa EINGÖNGU stafir, tölustafir og undirstrik
	Hvernig má nota 🚺 Snjallbreytur 📝 Innsetning 🕂 Field Embedding
	Nauðsynlegt?≭ ● Nei ○ Já * Biðja um ef svæði er autt
	Auðkenni? ● Nei ○ Já Inniheldur þetta svæði auðkennandi upplýsingar (t.d. Nafn, SSN, heimilisfang)?
	Sérsniðin stilling Vinstri / Lóðrétt (LV) 🗸
Valmöguleikar (einn valmöguleiki í hverja línu) Afrita núverandi valmöguleika	
1, Hunts	Stutt áminning sýnt undir svæði
3, Vals	
4, Felix	
5, Annao: 6,	
	<i>R</i>
Hvernig k	ιόða ég svörin handvirkt?
Aðgerðamerki / Athugasemdasvæði (valfrjálst)	
Lærðu um @ Aðgerðamerki eða <u>með svæðis athugasemd</u>	
	Vista Hætta við

- 2. Búið næst til aðra spurningu en nú af tegundinni Textarammi (stuttur texti, númer, dags/tími, ...).
 - Ekki þarf að skrifa neitt undir Merki svæðis hér en gefa þarf spurningunni lýsandi nafn undir Nafn breytu sem tengir hana við fjölvalsspurninguna. Vistið.

Breyta svæði		×
Þú getur bætt við nýju verkefnissvæði á þetta gagnasöfnunartæki með því a verður því bætt inn á eyðublaðið á þessari síðu. Fyrir yfirlit yfir þau mismun.	ið ljúka við svæðin hér fyrir neðan og smella andi svæðistög sem eru í boði getur þú skoð	á 'Vísta'-reitinn neðst. Þegar þú bætir við nýju svæði Jað 🖼 <mark>Svæðistög - myndband (4 mín)</mark> .
Svæðistag: lextarammi (stuttur texti, numer, dags/timi,) Merki svæðis	Use the Rich Text Editor ?	Nafn breytu (notað í málskipan (logic), útreikningum og útflutning) tomatsosa_annad EINGÖNGU stafir. tölustafir og undirstrik Hvernig må nota () Snjallbreytur Hernig må nota () Snjallbreytur Staðfesting? Staðfesting? vernig na nota () Snjallbreytur • Field Embedding Staðfesting? (valfrjálst) eða - select ontology service Nauðsynlegt?* Nei Ó já
Lærðu um 🛞 Aðgerðamerki) eða <u>með svæðis athugasemd</u>		Auðkenni? ● Nei O ja Inniheidur þetta svæði auðkennandi upplýsingar (t.d. Nafn, SSN, heimiliafang)? Sérsniðin stilling Vinstri / Lóðrétt (LV) ∨ Stilla stöðu svæðisins á siðunni Svæðisathugasemd (valfrjálst) Stutt áminning sýnt undir svæði
		Vista Hætta við

3. Farið nú aftur inn í fjölvalsspurninguna (Preyta) og skráið breytuheiti spurningarinnar með opna textareitnum í slaufusviga hjá þeim svarkosti þar sem hann á að birtast. Vistið.

Valmöguleikar (einn valmöguleiki í hverja línu)
1, Hunts
2, Heinz
3, Vals
4, Felix
5, Annað: {tomatsosa_annad}

Hér má sjá hvernig þetta lítur út:

Hver er uppáhalds tómatsósan þín?
O Hunts
O Heinz
○ Vals
⊖ Felix
O Annaō:

Ef vill, þá er hægt að láta textarammann aðeins birtast ef að tiltekinn svarkostur er valinn. Það er gert með eftirfarandi hætti:

- 4. Ýtið á grænu örina (駝 Skilyrtar spurningar) hjá seinni spurningunni (textarammanum).
- 5. Veljið Draga-og-Sleppa rökfærslusmiður. Dragið næst svarkostinn í fjölvalsspurningunni sem á að innihalda textareitinn og dragið hann yfir í gluggann hægra megin. Vistið.

🐨 Bæta við/Breyta skilyrtum spurningum			×
Hægt er að nota skilyrtar spurningar ef undir einhverjum krin eru skilyrtar spurningar mun svæðið aðeins sjást ef skilyrðunu ef). Þú getur tilgreint skilyrðin í textareitnum fyrir neðan fyri draga-og-sleppa rökfærslusmiðinn, en hann gerir þér kleift að hliðar þá valkosti sem því vilt hafa í bóði. Þú getur notað aðfer rökfærslan er flóknari þá gæti stundum ekki verið hægt að ski margslungið.	umstæðum þarf að fela í n sem eru útveguð er sv Ítarleg málskipan skilyrt vyggja upp rökfærsluna í rinar til skiptis ef þú vilt ta yfir í draga-og-sleppa	śkveðin svæði/spurningar. Ef notaða arað jákvætt (þ.e. sýna reit eingöngu ra spurninga' eða með því að nota á einfaldan hátt með því að draga til en hafðu þó í huga að þar sem ítarle möguleikann ef hitt er orðið of	ır J
Veldu aðferð fyrir neðan fyrir eftirfarandi reiti:	tomatsosa_annad	-	
 Ítarleg málskipan skilyrtra spurninga [*] Snjallbreytur Special Functions 	Hvernig má nota 🝞 Si	kilyrtar spurningar	
Sýna betta svæði EINGÖNGU ef			
[tomatsosa] = '5'			
Prófa rökfærslu með færslu: 🛛 Velja skrá 💙			
EDA — EDA — Draga-og-Sleppa rökfærslusmiður Sýnir valmöguleika á svæðum fyrir eftirfaran Netkönnun: Prufa	i gagnasöfnunartæki	:	
Val um svæði úr öðrum svæðum (dragðu valmöguleika hér fyrir neðan í kassann til hægri) Tomatsosa = Huints (1) tomatsosa = Heinz (2) tomatsosa = Vals (3) tomatsosa = Felix (4) tomatsosa = Felix (4) tomatsosa = (6) netknnun_prufa_complete = Incomplete (0) netknnun_prufa_complete = Unverified (1) netknnun_prufa_complete = Complete (2)	Sýna þetta ● ALLT fyri → SUMT fyri O SUMT fyri tomatsosa og Sleppa →	svæði EINGONGU ef 'neðan er rétt ir neðan er rétt = Annað: (5) 🗶	
		Hreinsa rökfærsl	<u>u</u>
		Vista	Hætta við

Branching (skilyrtar spurningar)

Branching er notað ef aðeins á að birta spurningu að því gefnu að einhverri annarri spurningu sé svarað með tilteknum hætti. Tökum dæmi: Segjum að við ætlum að leggja fyrir spurningarnar tvær hér fyrir neðan.

🥒 💎 🛅 🚰 🎯 🗶 🛛 Breyta: lik	amsraekt	
Stundar þú líkamsrækt?	⊖ Já	
* verður að svara	○ Nei	
		hreinsa
	Bæta við svæði Bæta við fylki svæða Import from Field Bank	
🥜 🚏 🛅 🚰 🗶 🛛 Breyta: hverni	g_likamsaekt	
Hvers konar líkamsrækt stun	ıdar þú?	
1	Bæta við svæði Bæta við fylki svæða Import from Field Bank	

Við myndum vilja að seinni spurningin ("Hvers konar líkamsrækt stundar þú?") birtist aðeins þeim sem velja "Já" við fyrri spurningunni ("Stundar þú líkamsrækt?").

1. Veljið grænu örvarnar hjá spurningunni sem á aðeins að birtast undir ákveðnum skilyrðum (seinni spurningin í dæminu hér fyrir ofan).

- Þá birtist nýr gluggi þar sem hægt er að velja um tvær aðferðir: Ítarleg málskipan skilyrtra spurninga og Draga-og-Sleppa rökfærslusmiður. Fyrir flesta notendur dugar seinni aðferðin. Sú fyrri er flóknari og ekki mælt með að nota hana nema fyrir vana notendur.
- 3. Dragið skilyrðið fyrir því að spurningin birtist yfir í gluggann hægra megin og vistið.
 - Ef valin eru fleiri en eitt skilyrði þarf að passa að tilgreina hvort öll eða bara sum þeirra þurfi að vera uppfyllt til að spurning birtist.

🐨 Bæta við/Breyta skilyrtum spurningum			×
Hægt er að nota skilyrtar spurningar ef undir einhverjum kri spurningar mun svæðið aðeins sjást ef skilyrðunum sem eru skilyrðin í textareitnum fyrir neðan fyrir 'Ítarleg málskipan sl hann gerir þér kleift að byggja upp rökfærsluna á einfaldan notað aðferðirnar til skiptis ef þú vilt en hafðu þó í huga að skipta yfir í draga-og-sleppa möguleikann ef hitt er orðið of	ingumstæður u útveguð er s kilyrtra spurni hátt með því a þar sem ítarle margslungið.	1 þarf að fela ákveðin svæði/spurningar. Ef notaðar eru skilyrtar varað jákvætt (þ.e. sýna reit eingöngu ef). Þú getur tilgreint nga' eða með því að nota draga-og-sleppa rökfærslusmiðinn, en að draga til hliðar þá valkosti sem þú vilt hafa í boði. Þú getur ga rökfærslan er flóknari þá gæti stundum ekki verið hægt að	
 Veldu aðferð fyrir neðan fyrir eftirfarandi reit Ítarleg málskipan skilyrtra spurninga Special Functions 	i: hvernig Hvernig r	_likamsaekt - Hvers konar líkamsrækt st ná nota 😨 Skilyrtar spurningar) [f] Snjallbreytur	
Sýna hetta svæði FINGÖNGU ef			
[likamsraekt] = '1'			
Prófa rökfærslu með færslu: 🛛 velja skrá 💙		// Hreinsa rökfærslu	
 EÐA — Draga-og-Sleppa rökfærslusmiður Val um svæði úr öðrum svæðum (dragðu valmöguleika hér fyrir neðan í kassanr til hægri) 	n ⊐ →	Sýna þetta svæði EINGÖNGU ef ● ALLT fyrir neðan er rétt ○ SUMT fyrir neðan er rétt	
likamsraekt = Já (1) likamsraekt = Nei (2) n_knnun_complete = Incomplete (0) n_knnun_complete = Unverified (1) n_knnun_complete = Complete (2)	Draga og Sleppa ⇒	iikamsraekt = Ja (1)	
		Hreinsa rökfærslu	
		Vista Hætta við]

Svona myndi þetta þá líta út áður en svarkostur er valinn í fyrri spurningunni:

Stundar þú líkamsrækt? * verður að svara	○ Já ○ Nei	hreinsa
	Staðfesta	

Og svona myndi þetta birtast þegar búið er að velja branching svarkostinn:

Stundar þú líkamsrækt? * verður að svara	JáNei	hreinsa
Hvers konar líkamsrækt stundar þú?		

Hvernig læt ég tiltekinn svarkost ljúka könnun? (Survey Stop Action)

Þegar láta á tiltekinn svarkost leiða til þess að könnun ljúki.

- 1. Byrjið á því að búa til spurninguna sem á að geta leitt til þess að könnun ljúki.
 - Þessa aðgerð er hægt að gera með spurningagerðunum Fjölval Fellilisti (Stakt svar),
 Fjölval Radio hnappar (Stakt svar), Gátreitir (Mörg svör), Já Nei og Rétt Rangt.
- 2. Veljið rauða stopp merkið (⁹⁹⁹ Stop Action for Surveys) hjá spurningunni.
 - Pessa aðgerð er aðeins hægt að gera þegar búið er að virkja könnunina.
- Þá opnast eftirfarandi gluggi. Veljið þann svarkost sem á að leiða til þess að könnun ljúki. Vistið.

Setja upp Hætta aðgerðum fyrir þessa spurningu í könnun	×				
🚳 Stöðvunar atburðir (aðeins fyrir spurningar í könnunum):					
Sá sem er að fylla út könnunina er spurður hvort hann vilji hætta í könnuninni þegar EINHVER valmöguleikanna sem merkt er við að neðan eru valdir fyrir þessa spurningu. Stöðvunar atburðir eru ekki virkjaðir þegar gagnainnsláttartækið er skðað af notanda sem er innskráður í REDCap, heldur aðeins þegar þátttakandi skoðar gagnainnsláttartækið sem gagnainnsláttareyðublað í könnun.					
Please note that there are other Stop Action settings on the Survey Settings page for a given instrument, such as the ability to set custom text when a survey ends via Stop Action.					
Ert þú 18 ára eða eldri? Já Nei					
	Save Close				

4. Til þess að breyta þeim skilaboðum sem svarandi fær þegar könnun lýkur er ýtt á Stillingar (

Stillingar) ofarlega á síðunni þar sem könnunin er sett upp (undir Designer -> Velja könnun). Þar er skrunað niður þar til eftirfarandi kemur upp:

Options related to Survey Stop Actions:														
Prevent survey responses from being saved if	Save all survey responses regardless of Stop Action being triggered (default) ${\color{black}}{\color{black}}{\color{black}}{\color{black}}$													
If a Stop Action triggers the end of the survey, you may choose to keep the submitted responses or to prevent them from being saved as data in the project.	WARNING: If any data has been saved on the survey instrument prior to the Stop Action being trig data will be deleted. For example, if the survey is a multi-page survey in which data has been ente previous pages prior to triggering the Stop Action, all data collected thus far in that survey will be the survey was never taken. Additionally, if the record does not contain data in any other instrume entire record itself will be deleted during this process.						ng trigg n enter ill be d trume	ered, that ed on eleted as if nts, the						
Alternate Survey Completion Text (optional) This completion text is ONLY displayed when a Stop	Paragraph	ı	~	-	в	Ι	Ų	S	Ŧ	Ξ	∃	≡	5	è
Action triggers the end of the survey. If left blank, the standard Survey Completion Text will be used.	:≡ ;≡	₫	≥	E	-	⊞		<u>A</u>	× 👱	~ (Q	\diamond	<u>T</u> *	K 3
	A Hvernig.	nota á	innse	<u>etning</u>	ı hérr	<u>1a</u>								1

Og þá eru skilaboðin skrifuð inn í svæðið við hliðina á Alternate Survey Completion Text (optinal).

Hvernig bý ég til auðkenni fyrir þátttakendur?

T.d. ef tengja þarf svör ákveðinna þátttakenda saman.

1. Veljið Survey Distribution Tools undir Gagnaskrá vinstra megin á síðunni.



- 2. Veljið flipann Listi yfir þátttakendur.
- Veljið Bæta við þátttakendum → Skráið inn netföng þátttakenda → Veljið Bæta við þátttakendum.
- Veljið Virkja undir Auðkenni þátttakanda í töflunni → Skráið inn auðkenni fyrir hvern þátttakanda.
- 5. Veljið Semja þátttökubeiðni \rightarrow Semjið tölvupóst og breytið stillingum \rightarrow Senda boð.

Hvernig bý ég til hlekk á könnun?

Hér sýnt hvernig búa má til hlekk á könnunina sem hægt er að nota til þess að senda út á þátttakendur. Á meðan könnun er enn á hönnunarstigi þá er þetta einnig besta leiðin til þess að athuga hvernig hún birtist þátttakendum.

- 1. Byrjið á því að athuga hvort að það sé ekki örugglega búið að virkja könnunina.
- 2. Veljið næst Survey Distribution Tools undir Gagnaskrá.



3. Og þá má strax sjá hlekkinn hjá Opinn hlekkur á könnun. Þarna er einnig hæg að búa til sérsniðinn hlekk ef vill.

Gera svarendum kleift að vista könnun og halda áfram síðar

Hægt er að gera svarendum kleift að vista svörin sín og halda áfram að svara síðar. Þetta bætir hins vegar örlitlu flækjustigi við könnunina og því er aðeins mælt með því að nota þennan valkost ef könnun er löng og krefst mikils tíma af hálfu svaranda.

1. Veljið Designer vinstra megin á síðunni undir Project Home and Design.

Project Home and Design	
 ☆ Upphafssíða verkefnis · ﷺ Setja upp verkefni ☑ Designer ☑ Dictionary ·	

2. Veljið Stillingar undir Valmöguleikar tengdir könnun.



3. Finnið valkostinn Leyfa valmöguleikann 'Vista og halda áfram síðar'? og veljið Já í felliglugganum. Munið að vista breytingarnar neðst á síðunni.

8 88 7	6
Leyfa valmöguleikann 'Vista og halda áfram síðar'?	Já ~
(Leyfa þátttakendum að gera hlé á könnun og klára síðar)	 Allow respondents to return without needing a return code NOTE: If you are collecting identifying information (e.g., PII, PHI), for privacy reasons it is HIGHLY recommended that you leave the option unchecked so as to enforce a return code.
	🗆 Leyfa svarendum að snúa aftur og breyta svörum sem hafa verið staðest? 👔

Nú mun eftirfarandi hnappur birtast á síðum könnunarinnar:

Vista og halda áfram síðar

Ef svarandi ýtir á hnappinn mun eftirfarandi gluggi birtast með sérstökum staðfestingarkóða:

'Staðfestingarkóða'	þarf til að sækja svör 🛛 🗶							
Notaðu copy-paste til að afrita kóðann hér að neðan eða skrifaðu hann niður. Án þessa kóða getur þú ekki haldið áfram með þennan spurningalista síðar. Þegar þú hefur náð kóðanum niður skalt þú smella á <i>Loka</i> og fylgja leiðbeiningunum sem birtast.								
Staðfestingarkóði: 3FT7MWNA								
	Loka							

Þegar svarandinn ýtir á Loka í glugganum hér fyrir ofan mun birtast ný síða. Þar birtist aftur kóðinn til áminningar og einnig upplýsingar um vefslóðina sem þarf til þess að komast aftur inn í könnunina í framtíðinni:

- Ef svarandinn fékk aðgang að könnuninni í tölvupósti þá mun standa að nýr tölvupóstur hafi verið sendur með hlekk á vefslóð þar sem viðkomandi getur haldið áfram með könnunina. Þessi hlekkur er sá sami og viðkomandi fékk sendann í upphaflega þátttökuboðinu.
- Ef svarandinn fékk aðgang að könnuninni með opnum hlekk þá er hægt að óska eftir því að REDCap sendi sér tölvupóst sem inniheldur hlekk með vefslóðinni.

Þegar svarandi vill svo halda áfram með könnunina þá ýtir hann á hlekkinn sem hann fékk sendann í tölvupósti. Þá opnast vefsíða þar sem þarf að slá inn staðfestingarkóðann. Ef réttur staðfestingarkóði er sleginn inn mun viðkomandi fá aðgang að könnuninni. Öll svör sem áður var búið að færa inn munu enn vera til staðar.

Hvernig eyði ég færslum?

Hægt er að eyða einstaka færslum (t.d. svörum þátttakenda) ef þú hefur <u>réttindi</u> til þess. Tvær leiðir eru mögulegar:

Leið 1

1. Veljið Yfirlit yfir stöðu færslna undir Gagnaskrá vinstra megin á síðunni.



2. Veljið þá færslu sem á að eyða.

	R	ecord ID	Ný könnun	
	1		۲	
	∠ <u>3</u>		0	
	4		۲	
3. Smellið á	▽	og ve	jið Dele	ete record (all forn

<u>Leið 2</u>

1. Veljið Eyða / Bæta við færslum undir Gagnaskrá vinstra megin á síðunni.



2. Veljið þá færslu sem á að eyða í felliglugganum:

		Total records: 4							
		Velja núverandi Record ID	velja skrá 🗸						
			+ Bæta við nýrri skrá						
3.	Smellið á	🕼 Velja aðgerð fyrir færslu 🗢	og veljið Delete record (all forms).						

Hvernig næ ég í gögn fyrir tiltekna könnun?

- 1. Veljið Rauntíma innflutningur gagna undir Forrit vinstra megin á síðunni.
- 2. Þá birtist taflan hér fyrir neðan. Veljið Gerðu valið sérsniðið og undir Verkfæri er könnunin valin.

Mínir inn- og útflutningar									
		Skýrsluheiti	Skoða/flytja út möguleika	Möguleikar stjórnunar					
	A	Öll gögn (allar skýrslur og svæði)	🔍 Skoða skýrslu 🛛 🖹 Útflutningsgögn 🖉 🖽 Tölfræði og töflu						
	в	Valin tæki (allar skýrslur)	🖡 Gerðu valið sérsniðið						
		+ Búa til nýja skýrslu							

- 3. Velja Útflutningsgögn \rightarrow Velja útflutningssnið og breyta stillingum \rightarrow Velja Útflutningsgögn.
- 4. Þá birtist eftirfarandi gluggi. Til þess að hlaða gögnum niður þarf að smella á merkið sem búið er að draga rauðan hring utan um á myndinni að neðan.



Hvernig breyti ég notendaréttindum?

1. Veljið Réttindi notenda undir Forrit vinstra megin á síðunni.



2. Smellið á notendanafn þess notanda sem á að breyta réttindum fyrir. Þá birtist eftirfarandi gluggi. Veljið Breyta notendaréttindum.

